

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkur- prófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Eftir að leitað hefur verið tillagna safnaðarráðs Reykjavíkur og að fengnu álitu biskups Íslands, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154 1963:

Í stað 18. töluliðar komi tveir töluliðir er orðist svo:

18. **Kársnesprestakall:** Kársnessókn. Nær yfir Kópavogskaupstað vestan Reykjanesbrautar.

19. **Digranesprestakall:** Digranessókn. Nær yfir Kópavogskaupstað austan Reykjanesbrautar.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júlí 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

Póst- og símamálastjóri veitir leyfi til talstöðvaviðgerða samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Leyfi til þess að reka talstöðvaverkstæði geta þeir einir fengið, sem hafa meistara-réttindi í talstöðvaviðgerðum, sem viðurkennd eru af póst- og símamálastjórninni, eða hafa mann með slík réttindi í sinni þjónustu til að veita verkstæðinu forstöðu.
- 1.2 Leyfi til að gera við, flytja og setja upp talstöðvar eru bundin við ákveðnar tegundir stöðva, sem leyfishafi hefur, með samningi við innflytjanda eða framleiðanda, skuldbundið sig til þess að gera við og veita þá viðgerðarþjónustu, sem nauðsynleg er. Talstöðvategundir skulu tilteknar í leyfisbréfi og viðbótum við það.
- 1.3 Í fyrsta skipti skal leyfi útgefið til eins árs til reynslu. Hafi leyfishafi haldið skilmála þessarar reglugerðar, svo og ekki orðið brotlegur við önnur fjarskiptalög eða reglugerðir, framlengist leyfið til fimm ára í senn, sé þess óskað.
- 1.4 Á reynslutíma er leyfishafa skylt að færa skrá yfir allar viðgerðir, flutninga og uppsetningar með örstuttri lýsingu á því, sem við var gert.

Radíóeftirliti Pósts og síma skal heimilt að rannsaka nefnda skrá fyrirvara-laust og fá af henni afrit, ef því þykir tilefni til. Enn fremur skal senda radióeftirlitinu afrit af skránni mánaðarlega.